

Stjórn Ramma hf. hefur markað félaginu þá stefnu að lögð skuli áhersla á að félagið skili til hluthafa sinna, beint eða óbeint, þeim verðmætum sem skapast í rekstrinum á hverju ári, umfram nauðsynlegar fjárfestingar í rekstrarfjármunum.

Stefnt er að því að Rammi hf. greiði til hluthafa sinna fjárhæð sem nemur um 10 til 25% hluta hagnaðar næstliðins rekstrarárs í arð.

Félagið stefnir að reglubundnum arðgreiðslum. Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslu skal litið til þess að félagið viðhaldi sterkri fjárhagsstöðu og jafnframt að tekið sé mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og þess að félagið viðhaldi til framtíðar traustri eigin- og lausafjárstöðu. Mun tillögugerð stjórnar til aðalfundar hvers árs taka mið af stefnu þessari.

*Þannig samþykkt á aðalfundi Ramma hf. þann 12. mars 2021.*